

Föstudaginn 28. febrúar 1986.

Nr. 69/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Sumarliða Óskari Arnórssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Hinn 25. þ.m. barst Hæstarétti bréf sakadóms Reykjavíkur dagsett 24. þ.m., er fylgdi endurrit úrskurðar uppkveðins 20. þ.m. en með honum var varnaraðila, Sumarliða Óskari Arnórssyni, gert að sæta gæsluvarðhaldi til 12. mars nk. Gögn málsins bera það með sér að úrskurðurinn var kveðinn upp kl. 12.05 hinn 20. þ.m. að varnaraðila viðstöddum, og að næsta dag kl. 11.50 tilkynnti Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður, réttargæslumaður varnaraðila, dómaranum það munnlega í símtali að hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar. Hæstarétti hefur síðan borist greinargerð lögmannsins, en í henni krefst hann þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur en til vara að gæsluvarðhaldsvist verði stytta. Þá krefst hann þess „að málatilbúnaður af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins verði víttur, svo og dráttur á að skjöl málsins yrðu afgreidd frá sakadómi.“ Loks krefst hann málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Þá hefur borist greinargerð ríkissaksóknara og krefst hann staðfestingar úrskurðarins.

Samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974 skal kærandi lýsa kæru sinni innan sólarhrings frá birtingu ákvörðunar bréflaga eða með bókun í þingbók. Munnleg tilkynning réttargæslumanns varnaraðila til dómara var þannig ekki fullnægjandi. Ber því að vísa máli þessu ex officio frá Hæstarétti.

Í þessu máli verður ekki tekin afstaða til þess hvort málatilbúnaði af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins hafi verið áfátt, en enginn óhæfilegur dráttur hefur orðið á því af hálfu sakadóms að mál þetta, sem er allmikið að vöxtum, yrði afgreitt til Hæstaréttar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 20. febrúar 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 20. febrúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins gerði í gær þá kröfu, að Sumarliða Óskari Arnórssyni, Skeljagranda 4, Reykjavík, f. 26. nóvember 1952, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 19. mars nk. kl. 17:00.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Dómarinn tók sér allt að 24. klukkustunda frest til þess að úrskurða um kröfuna, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og 66. gr. laga nr. 74, 1974.

Í greinargerð Rannsóknarlögreglu ríkisins kemur fram, að þar sé nú unnið að rannsókn ætlaðra fjársvika, skjalafals- og annarra auðgunarbrota kærða og bróður hans, Arnórs Vikars. Þeir hafi undanfarin 2-3 ár átt eða rekið fasteignasölu, verðbréfamarkað og húsaleigumiðlun auk þess að hafa með ýmsum hætti haft milligöngu um viðskipti af ýmsu tagi milli manna. Í viðskiptum sínum hafi þeir með blekkingum fengið kunningja sína og starfsmenn, sem hafi verið með öllu eignalausir og ógjaldfærir, til þess að gera samninga og taka á sig skuldbindingar til að afla þeim bræðrum fjárhagsávinninga.

Við skýrslugjöf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem kærði hefur staðfest sem rétta í dóminum, hefur kærði skýrt frá því, að hann hafi í tveimur tilvikum ásamt Arnóri bróður sínum átt fasteignaviðskipti með þeim hætti, að hann hafi fengið fyrrum starfsmann sinn, Guðmund Þröst Björgvinsson, til þess að gera kaupsamninga um fasteignir sem kaupandi, en síðar hafi kærði keypt fasteignirnar og selt aftur með umtalsverðum hagnaði, en við kaupsamninga Guðmundar Þrastar hafi hann ekki staðið þrátt fyrir loforð við Guðmund, sem sé með öllu ógjaldfær og eignalaus og þar með allsendis ófær um að efna þær skyldur, sem á honum hvíldu samkvæmt kaupsamningunum.

Kærði hefur einnig við yfirheyrslu hjá RLR sem og í dóminum lýst því, að hann hafi ásamt Arnóri bróður sínum um nokkurt skeið haft milligöngu um sölu ávísana, víxla og skuldabréfa sem seld hafi verið langt undir nafnverði. Hafi honum með þessum viðskiptum tekist að grynna á skuldum sínum svo milljónum skipti.

Í fyrradag gerði Rannsóknarlögregla ríkisins hútleit á heimilum og vinnustöðum kærða og Arnórs bróður hans að undangengnum dómsúrskurði.

Við þessa leit fundust margvísleg gögn um fjármálaviðskipti kærða við aðra svo og gögn varðandi viðskipti annarra manna, sem þeir bræður hafa haft milligöngu um.

Eins og gögn málsins bera með sér og komið hefur fram í yfirheyrslum yfir kærða hefur hann ásamt Arnóri bróður sínum stundað ýmiss konar fjármálaviðskipti og staðið að þeim með þeim hætti, að ætla má að varði við ákvæði XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Rannsókn á þessum atriðum er enn skammt á veg komin.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið og að athuguðum rannsóknargögnum málsins um rannsóknarstöðu þess þykja ástæður 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 vera fyrir hendi og því rétt að taka kröfu Rannsóknarlögreglu rikisins til greina og ákveða að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 12. mars nk. kl. 17:00.

Brot þau er kærði er sakaður um geta varðað hann fangelsisrefsingu og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar úrskurði þessum eigi til fyrirstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sumarliði Óskar Arnórsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. mars nk. kl. 17:00.

Föstudaginn 28. febrúar 1986.
Nr. 104/1985. **Verslunarmannafélag Suðurnesja og
Sigurður Gunnarsson**

(Þórður S. Gunnarsson hrl.)

gegn

Bústoð hf.

og gagnsök

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Lögbann. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Stefán Már Stefánsson, prófessor.